

12. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 6. október 2020, kl. 20:00, fjarfundur haldinn á Zoom.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Mörður Árnason (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Forföll boðuð:

Gestir: Stefanía Pálsdóttir og Unnur Hjaltadóttir úr kennsluráði. Heiðrún Arna Friðriksdóttir, verkefnastjóri BF, einnig, og sátu þær undir fyrsta lið.

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson og Inga Auðbjörg

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Kennsluráð, mögulegar breytingar og útvíkkun

a. Liðsstyrkur

Fulltrúar kennsluráðs, Stefanía og Unnur, mættu á fundinn til að kynna hugmyndir sínar um að styrkja ráðið með tveimur viðbótum. Annars vegar væri það Karl Ólafur Hallbjörnsson. Karl hefur verið að vinna að stofnun netskóla í heimspeki og þekkir fleti á náminu sem myndu nýtast sem góð viðbót.

Unnur telur að sérþekking Karls myndi nýtast vel í starfinu og hann muni fylla upp í ákveðnar eyður sem vantar, eins og

handleiðslu og efni til að kenna sem sett yrði fram á skýran og einfaldan hátt sem væri aðgengilegt fyrir alla sem kæmu að kennslunni.

Einnig stinga þær uppá að bæta Elsu Björgu Magnúsdóttur í hópinn, sem kæmi með kennslureynslu og réttindi inn í verkefnið. Elsa kæmi þá mögulega ekki í fullt starf inn í hópinn heldur sem ráðgjafi.

Kennsluráð fær það hlutverk að setja tillögurnar niður á blað á skýran hátt svo stjórn geti tekið afstöðu til þeirra.

Framkvæmdastjóri hefur samband við Heiðrúnu og skerpir á hlutverki verkefnastjóra. Frk.stj. hefur einnig samband við Sigga og tekur stöðuna á honum varðandi framhaldið.

2. Útfarapjálfun - 3. hluti

a. Framhaldsmál frá 9. fundi

Stjórn hafði áður samþykkt tillögu athafnaráðs um að fá Helgu Báru Bragadóttur til að halda utan um síðasta hluta þjálfunarinnar, en eftir nánari fundi með Helgu kom í ljós að verkefnið er viðameira en gert var ráð fyrir. Upprunalega hugmyndin gerði ráð fyrir að þóknun yrði 500.000 fyrir verkefnið, en ný tillaga er 800.000 kr, eða 100.000 krónur á hverja athöfn.

Kostnaður skipist á þessa leið:

Þóknun per athöfn = 60.000 - alls 480.000

Undirbúningur og eftirfylgni með athöfnum, 32 tímar, alls 320.000

Heildarkostnaður alls = 800.000 kr sem greiðist yfir árs tímabil, og verður verkefnið endurmetið 1. febrúar 2021.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdastjóra að klára málið í samvinnu við Helgu og athafnaráð.

3. Gjaldskrá athafnaþjónustu 2021

- a. Athafnaráð leggur ekki til neinar breytingar á gjaldskrá athafnaþjónustu. Gjaldskráin var ekki á dagskrá haustfundar og gerði engin athafnastjóri athugasemd við það. Nokkur sáttt virðist ríkja um gjaldskrána og þóknunir í augnablikinu.

Gjaldskrá fyrir giftingar og nafngjafir helst óbreytt. Gjaldskrá BF hefur þegar verið ákveðin. Gjaldskrá fyrir útfarir er í uppnámi vegna lagabreytinga.

Framkvæmdastjóra falið að afla frekari tölfræðilegra gagna og að kanna mögulegar skoðanir þeirra athafnastjóra sem sinna útförum á verðskrá þeirra og þóknunum.

4. Hugverkaréttur Siðmenntar

- a. Sveinn Atli kynnir málið. Leitað hefur verið óformlegs álits sérfræðings á eignarrétti Siðmenntar á því efni sem unnið hefur verið fyrir félagið í tengslum við BF. Stjórn leggur til að fá fund með lögfræðingi til að fara yfir stöðuna og rétt Siðmenntar, ekki síst þegar litið er til framtíðar. Sveinn og Siggeir fá það verkefni að fylgja þessu eftir.

5. Samráðsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga

- a. Mörður sat síðasta fund og flytur stutta skýrslu. Spurningum um aðild Siðmenntar að vettvangnum velt upp. Merði og framkvæmdastjóra falið að vakta vel hvernig vettvangurinn þróast áfram á næstu misserum.

6. Tímarit

a. Yfirferð tilboða

Framkvæmdastjóri hefur aflað tilboða í prent og leggur þau fram sem minnisblað.

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Málinu frestað.

7. Markaðssetning dauðans

- a. Framkvæmdastjóri hefur fengið tilboð hjá hönnuði í bækling. Inga og athafnaráð ætla að tækla textann. Framkvæmdastjóri ætlar að taka annað samtal við Gunnar um áherslur.
- b. Auglýsingar í blöðum í vinnslu.

8. Skýrsla bandaríska sendiráðsins

- a. Framkvæmdastjóra falið að klára málið með fulltrúa sendiráðsins.

9. Málþing um sálgæslu

- a. Fyrirhugað að halda álínis viðburð um sálgæslu og svo að birta niðurstöður könnunar. Vilji til að keyra málið áfram þrátt fyrir covid klafs. Framkvæmdastjóra falið að heyra í fjölmiðlum. Ingu og félögum falið að undirbúa næstu skref fyrir málþing.

10. Önnur mál

Rætt um fyrirkomulag athafna næstu 2 vikur.

Næsti stjórnarfundur ekki settur fastur vegna covid aðstæðna.

Fundi slitið klukkan: 22:00

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands